

Eftirlitsnefnd með  
fjármálum sveitarfélaga

**EFS**

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar  
Tjarnargata 12  
230 Reykjanesbæ

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti  
Sólvhólsgrötu 7, 150 Reykjavík

Reykjavík 30. ágúst 2019  
Tilv.: SRN19010041/4.11.3

Efni: Aðlögunaráætlun Reykjanesbæjar

Eftirlitsnefndin og bæjarstjórn Reykjanesbæjar hittust á fundi dags. 13. nóvember 2018 vegna fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins 2019-2022. Í gildi er aðlögunaráætlun sveitarstjórnar sem samþykkt var í bæjarstjórn 18. apríl 2017 en með yfirferð á fjárhagsáætlun 2019-2022 eru áform bæjarstjórnar að óska breytinga á áður samþykkttri áætlun til samræmis við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Með bréfi bæjarstjórnar Reykjanesbæjar dags. 20. desember 2018 var formlegri beiðni þessa efnis komið á framfæri við eftirlitsnefndina.

Í framhaldi fundarins hefur eftirlitsnefndin óskað ýmissa upplýsinga um fjármálin og ritaði bæjarstjórn til að mynda bréf 6. desember 2018 og 12. apríl sl. Meðal upplýsinga sem bárust nefndinni var „Mat á fjárhagslegum áhrifum skv. 66. gr. sveitarstjórnarlaga 138/2011“ unnið af KPMG í maí 2019.

Eftir yfirferð upplýsinga um fjármál sveitarfélagsins er það niðurstaða eftirlitsnefndarinnar að fallast á óskir bæjarstjórnar Reykjanesbæjar um endurskoðun aðlögunaráætlunar til samræmis við 18. gr. reglugerðar um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Eftirlitsnefndin staðfestir að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2019-2022 samþykkt í bæjarstjórn 4. desember 2018 sé nú hin formlega aðlögunaráætlun Reykjanesbæjar.

Fyrir hönd eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

  
Þórir Ólafsson  
formaður

  
Eiríkur Benónýsson